BREYTING Á DEILISKIPULAGI “FRÁ REYKJALUNDARVEGI AÐ HÚSADAL”

Áningastaður við Reykjaveg og Reykjahvoll

TILLAGA



Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030, ekki í skala

SKÝRINGAR:

- SKIPULAGSSVÆÐI BREYTINGAR á aðalskipulagi
- AFMÖRKUN BREYTINGAR á deiliskipulagi
- BYGGINGAREITUR, AFMARKANDI LÍNA
- LÓÐAMÖRK lóðastærðir verða ákveðnar á mæli- og hæðartáknum (sjá greinargerð kafli 2.9)
- BORHOLULÓÐIR
- BORHOLUR
- NÚVERANDI BYGGING
- ÁNINGARSTAÐUR
- TIL NIÐURRIFS SÍÐAR
- GÖNGUBRÚ
- HRAÐAHINDRUN
- GANGSTÉTTIR AÐALSTÍGAR
- REIÐLEIÐ (3 - 4 m) ÚTIVISTARSTÍGUR
- ELDRI GRÓÐUR
- TILLAGA AÐ NÝRRI GRÓÐURSETNINGU
- HVERFISVERND SKV. AÐALSKIPULAGI
- NÚVERANDI LÓÐAMÖRK ERU ÓVISS
- FORNLEIFAR
- REIÐLEIÐ MEÐFRAM GÖTU

Gildandi:

MKV. 1:1500. Gildandi deiliskipulagsuppdráttur m.s.br.

Upprunalega staðfest 07.04.2004, uppdráttur m.s.br. 28.03.2017

Breyting:

MKV. 1:1500. Breyting á deiliskipulagi.

GREINARGERÐ

Deiliskipulagsbreyting Efri og neðri Reykjabyggðar vegna umferðaröryggis við enda Reykjarvegar við Reykjahvol.
Í gildi er deiliskipulag efri og neðri Reykjabyggðar skipulagsnúmer 6044 sem upphaflega var staðfest 21.01.2004 - með síðari breytingum. Sá uppdráttur sem lagður er til grundvallar deiliskipulagsbreytingu þessari er samsettur úr samþykktum deiliskipulagsbreytingum sem gerðar hafa verið á svæðinu.

Núverandi ástand
Í suðurenda Reykjavegar er endastöð Strætó BS í beygju á veginum. Fyrirkomulag strætólykkju er með þeim hætti að umferðaröryggi gangandi vegfarenda er óviðunandi. Enginn göngustígur er meðfram Reykjavegi á þessum kafla og götulýsing er gömul á timburstaurum.

Markmið
Markmið með deiliskipulagsbreytingunni er að bæta umferðaröryggi gangandi, hjólandi, almenningssamgangna og akandi á stað sem er hættulegur og færa innviði til nútímalegra horfs.

Afmörkun
Deiliskipulagsbreyting þessi afmarkast af Reykjavegi, Reykjahvoli og fyrirhuguðum jarðhitagarði (áningarstað) sbr. afmörkun sem er sýnd á skipulags-uppdrætti. Stærð skipulagssvæðisins er 7.1 ha.

Gildandi skilmálar
Í kafla 2.1. Umferðarkerfi og bílastæði upprunalegu greinargerðar skipulagi segir:
„Innan svæðisins verða gerðar endurbætur á núverandi gatnakerfi skv. flokkun gatna (húsa,- safn og tengigatna) auk gerðar nýrra gatna. Aðkoma að lóðum verður víða bætt frá því sem nú er. Breytingar á innkeyrslum inn á lóðir, sem fyrirhugaðar verða samkvæmt skipulagi þessu, verða þó leyfðar, að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld. Kynna þarf slíkar breytingar fyrir hagsmunaaðilum.“

Í kafla 2.2. Göngu- og útivistarstígar og reiðstígar segir:
„Gönguleiðir á skipulagssvæðinu utan lóða verða aðallega á gangstéttum öðru megin götu og á göngustígum. Gert er ráð fyrir endurbótum á göngustígakerfi innan svæðisins og tengingu þess við aðalstíga utan þess“.

Ekkert er fjallað um almenningssamgöngur í skipulagsgreinargerð.

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU GREINARGERÐ

Gerð verður breyting á umferðarleiðum sem felst í því að í beygjunni á Reykjavegi verður umferð akandi aðgreind í einstefnuakreinum á stuttum kafla. Gerð verður upphækkuð tvískipt gangbraut fyrir gangandi og hjólandi, leiðbeinandi útfærsla er sýnd á uppdrætti. Sameiginleg gangbraut og hjólastígur verður gerð norðanmegin við Reykjaveg. Þannig er þverunarlengd óvarinnar vegfarenda minnkuð og umferðaröryggi bætt. Við endastöð Strætó er skýli.

Í gildandi deiliskipulagi er sýndur áningarstaður. Áningarsvæðið er stækkað og umlykur nú borholu Veitna. Innan svæðis koma 9 bílastæði sem marka upphaf gönguleiðar upp Reykjafell og sem tenging við Græna trefil höfuðborgarsvæðisins skv. svæðisskipulaginu, Höfuðborgarsvæðið 2040. Hjólastæði verða nálægt gangstétt við borholuhús en ekið er inn á bílastæði frá Reykjavegi.

Tillaga að deiliskipulagi sýnir leiðbeinandi útfærslu fyrirhugaðs Jarðhita- og orkugarðs sem byggir á lóðarhönnun Landmótunar frá 2021. Tillagan er með öllu leiðbeinandi og stígar innan svæðisins sömuleiðis. Þeir geta við útfærslu, frekari hönnun og framkvæmdir tekið breytingum. Markmið er að skapa grænan áningarstað með stígum, bekkjum og sögumerkingum sem fjalla um sögu jarðhita á svæðinu.

Tillaga Landmótunar að Orkugarði og áningarsvæði sem deiliskipulags-breytingin byggir á. Útfærslan er ekki bindandi og ekki í skala.

Fjöldi breytinga hafa verið unnar á skipulagi Reykjahverfis frá samþykkt þess 2004, þar á meðal margar í kringum áningastað í við Reykjahvol. Til skýringar hefur á uppdrætti, utan breytingarmarka þessarar tillögu, verið innfærð breyting þar sem stofnaðar voru lóðirnar Reykjahvoll 4A og 4B úr lóð Reykjahvols 6. Snúa þær að áningastaðnum. Einnig var aðkomu lóða Reykjahvols 4 og 6 breytt. Einnig hefur reiðleið meðfram götu Reykjahvols verið heimiluð.

Aðrar smærri breytingar stakra lóða á svæðinu hafa ekki sérstaklega verið innfærðar hafi þær ekki áhrif á samhengi tillögunnar.

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur verið afgreidd og hlotið málsmeðferð 40. gr. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagslýsing var kynnt frá _____ til _____

Tillagan var auglýst frá _____ til _____

Samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar þann _____

Fh. Mosfellsbæjar:

_____

Auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Deiliskipulagsbreyting þessi er unnin á deiliskipulags uppdrætti bæði frá Arkís arkitektum og ArkÞing.
Gatna- og umferðarhönnun er unnin af Eflu verkfræðistofu, ásamt greinargerð að hluta, drög að stígum í garði koma byggja á tillöguuppdrætti frá Landmótun.

Áningastaður við Reykjahvol

Kvarði: 1:1500 — Stærð: A2

Unnið af: KP
Rýnt: LDG

Dags: 26.10.2022

TILLAGA

Umhverfissvið Mosfellsbæjar
Þverholt 2
270 Mosfellsbær